

**422. fundur Hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn að Miðtúni 1, Tálknafirði, miðvikudaginn 10. nóvember 2010 og hófst hann kl. 17:00**

**Fundinn sátu:**

Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir (EIS), Birna Benediktsdóttir (BB), Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), Ásgeir Jónsson (ÁJ), Björgvin Smári Haraldsson (BSH), Ása Jónsdóttir (ÁJ),

**Fundargerð ritaði:** Ása Jónsdóttir, ritari

Oddviti hreppsnefndar Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir setti fundinn og kannaði hvort athugasemdir væru við fundarboðun. Svo var ekki. Oddviti óskaði eftir afbrigði, að tekin verði á dagskrá sem liður nr. 21, breyting á samþykkt um stjórn og fundarskóp Tálknafjarðarhrepps. Aðrir liðir færast aftar á dagskrá sem þessum nýja lið nemur. Afbrigðið samþykkt samhljóða.

**Dagskrá:**

- 1. 1010064 - Samband íslenskra sveitarfélaga, fundargerð 777.fundar stjórnar 22.sept 2010**  
Lagt fram til kynningar.
- 2. 1010065 - Samband íslenskra sveitarfélaga fundargerð 778.fundar stjórnar 29.sept 2010.**  
Lagt fram til kynningar.
- 3. 1010079 - Samband íslenskra sveitarfélaga fundargerð 779.fundar 13.október 2010**  
Lagt fram til kynningar.
- 4. 1011032 - Samband íslenskra sveitarfélaga fundargerð 780.fundar þann 29.október 2010**  
Lagt fram til kynningar.
- 5. 1011036 - Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2010**  
Lögð er fram breyting á samþykktri áætlun sem hér segir :  
Samtals tekjur sveitarsjóðs og B-hluta stofnana hækka sem nemur kr. 3.670.- milljónum, en samtals gjöld sveitarsjóðs og B-hluta stofnana hækka sem nemur 12.150.- milljónum.  
Í endurskoðaðri fjárhagsáætlun er rekstrarniðurstaða lakari sem nemur kr. 5.967.- milljónum. Í upphaflegri áætlun var gert ráð fyrir 12.596.- milljóna kr. halla, en í framlagðri endurskoðaðri fjárhagsáætlun fyrir árið 2010 er gert ráð fyrir 18.563.- milljón kr. halla.  
Við endurskoðun er leitast við að færa inn þá liði sem hafa verið samþykktir í hreppsnefnd og liðir sem hafa greinilega verið ranglega áætlaðir.  
Umframkeyrslur eru uppfærðar. Í tengslum við samþykktu endurskoðaða fjárhagsáætlun 2010, er lagt fram rekstraryfirlit, sjóðsstreymisyfirlit og efnahagsyfirlit í samræmi við samþykktar breytingar, sem oddviti og varaoddviti staðfesta með undirskrift.

Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2010 lögð fram með áorðnum breytingum, borin upp til atkvæða og samþykkt samhljóða.

- 6. 1011004 - Minjasafn Egils Ólafssonar. Efni: rekstrarstyrkur til Minjasafns á Hnjóti. 19.10.2010**  
Erindinu vísað til fjárhagsáætlunargerðar vegna ársins 2011.
- 7. 1011003 - Ungmennafélag Tálknafjarðar. Umsókn um styrk. 18.10.2010**  
Erindinu vísað til fjárhagsáætlunargerðar vegna ársins 2011.
- 8. 1010096 - Björgunarsveitin Tálkni. Umsókn um styrk til greiðslu fasteignagjalda árið 2011. 26.10.2010**  
Erindinu vísað til fjárhagsáætlunargerðar vegna ársins 2011.
- 9. 1010095 - Björgunarsveitin Tálkni. Umsókn um styrk til menntunarátaks björgunarsveita 26.10.2010**  
Erindinu vísað til fjárhagsáætlunargerðar vegna ársins 2011.
- 10. 1011037 - Fjárhagsáætlun 2011, fyrri umræða.**  
Lagt er til að útsvarsprósenta verði 13,28%, fasteignagjöld á íbúðarhúsnæði 0,5%, á opinbert húsnæði, 1,32%, á atvinnuhúsnæði 1,65% af heildarfasteignamati.  
Afsláttur elli og örorkulífeyrisþega vegna fasteignagjalda :  
Lagt er til að hreppsnefnd samþykki að miða afslátt við tekjur liðins árs þ.e. 2009.  
Skilyrði lækkunar er að viðkomandi elli- og/eða örorkulífeyrisþegi eigi lögheimili í viðkomandi fasteign og/eða geti átt rétt á vaxtabótum vegna hennar skv. B-lið 68.gr.laga nr. 90/2003 um tekju- og eignaskatt. Einungis er veitt lækkun vegna íbúðarhúsnæðis til eigin nota. Tekjumörk verða ákveðin milli umræðna.  
Lóðarleiga: íbúðarhúsaloðir: 2% af fasteignamati lóðar, Lóðir vegna atvinnurekstrar: 3% af fasteignamati lóðar. Holræsagjald: 0,3% af heildarfasteignamati. Vatnsgjald: af íbúðarhúsnæði 0,25%, af atvinnuhúsnæði 0,5% af heildarfasteignamati.  
  
Oddviti (EIS) fór yfir forsendur og lykiltölur skv. framlagðri greinargerð, vegna vinnu við fjárhagsáætlun fyrir Tálknafjarðarhrepp og stofnanir hans vegna ársins 2011. Oddviti (EIS) leggur til að sveitarstjórn í samvinnu við deildarstjóra og starfsfólk fari í frekari yfirferð á áætluninni með það að markmiði að loka 20 milljóna kr. halla skv. framlögðum drögum að fjárhagsáætlun.  
Fjárhagsáætlun vegna ársins 2010 fyrir Tálknafjarðarhrepp og stofnanir hans vísað til síðari umræðu. Samþykkt samhljóða.
- 11. 1011031 - Fjórðungssamband Vestfirðinga. Endurnýjun umboðs fulltrúa í starfshóp um svæðisskipulag fyrir vestfirði. 28.10.2010**  
Aðalmenn: Björgvin Smári Haraldsson og Aðalsteinn Magnússon, til vara: Heiðar Jóhannsson og Guðlaug Björgvinsdóttir. Samþykkt samhljóða.
- 12. 1010093 - Fiskistofa. Vegna framkvæmda við ár og veiðivötn. 15.09.2010**  
Erindinu vísað til bygginganefndar til kynningar. Samþykkt samhljóða.
- 13. 1011030 - Samgöngu-og sveitarstjórnarráðuneytið. Áætlað tekjujöfnunarframlag 2010. 29.10**  
Lagt fram til kynningar.

14. **1010089 - Þjóðskrá. Kosningar til stjórnlagabings. 20.10.2010**  
Lagt fram til kynningar.
15. **1010094 - Alþingi nefndarsvið. Beiðni um umsögn um frumvarp til laga um verndar- og nýtingaráætlun vegna virkjunar fallvatna og jarðhita 77.mál.**  
Engin umsögn send, samþykkt samhljóða.
16. **1010087 - Félags- og tryggingamálanefnd umsagnar óskað um frumvarp til laga um húsnæðismál 100.mál**  
Engin umsögn send, samþykkt samhljóða.
17. **1010085 - Umhverfisnefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til laga um mannvirki, 78.mál og frumvarp til laga um brunavarnir, 79,.mál.**  
Egnin umsögn send, samþykkt samhljóða.
18. **1010084 - Félags- og tryggingamálanefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til barnaverndarlaga, 56.mál.**  
Engin umsögn send, samþykkt samhljóða.
19. **1010067 - Brunabótafélag Íslands. Ágóðahlutagreiðsla 2010. 12.10.2010**  
Lagt fram til kynningar.
20. **1010066 - Umhverfisstofnun. Vegna refaveiða 1/9 2010til 31/8 2011.11.10.2010**  
Ef ákvörðun um að fella niður endurgreiðslu kostnaðar vegna refaveiða verður ekki endurskoðuð og fjármunum verði veitt til þessa verkefnis, mun hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps ekki greiða fyrir unna refi frá 1. desember 2010.Samþykkt samhljóða.
21. **1011047 - Breyting á samþykkt um stjórn og fundarsköp Tálknafjarðarhrepps, fyrri umræða.**  
Á 421.fundi Hreppsnefndar þann 13.október 2010 (mál nr. 1009063) var samþykkt tillaga um sameiningu félagsmálanefnda sveitarfélaganna Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps. Sameining nefndanna kallar á breytingu á „Samþykkt um stjórn og fundarsköp Tálknafjarðarhrepps.“

Oddviti lagði fram tillögu þess efnis að :

5.tl. 51.gr. samþykktanna hljóði svo :

Félagsmálanefnd er sameiginleg með Vesturbyggð skv. 7. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Nefndina skipa fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 5. grein sömu laga. Þar af skipar Vesturbyggð þrjá aðalmenn og þrjá til vara. Nefndin fer jafnframt með málefni fatlaðs fólks samkvæmt lögum um málefni fatlaðra nr. 59/1992 og jafnréttismál samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000”.

17.tl. 51.gr. samþykktanna hljóði svo :

Þjónustuhópur aldraðra. Sveitarstjórnir í heilsugæsluudæmi skipa fimm fulltrúa í þjónustuhóp aldraðra að loknum sveitarstjórnarkosningum samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990. Héraðslæknir tilnefna lækni, með sérmenntun á sviði öldrunar- eða heimilislækninga, og hjúkrunarfræðing, með þekkingu á öldrunarþjónustu, samtök eldri borgara á svæðinu tilnefna einn fulltrúa úr sínum röðum og tveir fulltrúar eru skipaðir án tilnefningar. Sveitarstjórnir velja þjónustuhópnum formann úr hópi

nefndarmanna. Tálknafjarðarhreppur kýs einn fulltrúa og einn til vara.  
Gera þarf breytingu á samþykktinni varðandi íþróttá- og æskulýðsmál, skoðað  
verður á milli funda hvernig þetta verður best leyst. Breytingum vísað til síðari  
umræðu. Samþykkt samhljóða.

**22. 0811032 - Upplýsingagjöf framkvæmdarstjóra**

Oddviti kynnti drög að samningi um samstarf vegna félagsþjónustu í  
Vesturbyggð og Tálknafirði, tveir hafa sótt um skrifstofustarf, sem auglýst  
hefur verið. Farið yfir skýrslu deildarstjóra, oddviti vakti athygli á breytingum á  
úthlutunarreglum jöfnunarsjóðs sem fyrirhugaðar eru 1. janúar og það  
fundarmenn að kynna sér þær.

**23. 1011005 - Velferðarvaktin. áskorun um aðgæslu við ákvarðanatöku í  
hagræðingarskyni. 25.10.2010**

Lagt fram til kynningar.

**24. 1011002 - Vegagerðin. Samningur um veghald á þjóðvegum innan  
þéttbýlismarka. 22.10.2010**

Lagt fram til kynningar.

**25. 1011001 - Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða. Vegna vatnsveitu. 25.10.2010**

Lagt fram til kynningar.

**26. 1010092 - Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands. Vegna lífshlaup dagana  
2-22 febrúar. 15.10.2010**

Lagt fram til kynningar.

**27. 1010090 - Neytendastofa. Verðkönnun á skólamáltíðum. 20.10.2010**

Lagt fram til kynningar.

**28. 1010088 - Umhverfisstofnun. V/ársfundar. 20.10.2010**

Lagt fram til kynningar.

**29. 1010068 - Samband íslenskra sveitarfélaga. Námskeið í jafnréttismálum.  
08.10.2010**

Lagt fram til kynningar.

**30. 1010072 - Umhverfisráðgjöf Íslands ehf. Þjónusta við  
sveitarfélög. 04.10.10**

Lagt fram til kynningar.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19.15**

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____